



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

141. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 10. nóvember í bóknámshúsi kl. 17.00

Mættir: Hjálmar Árnason skólameistari, Guðmundur Björnsson formaður skólanefndar, Ágir Sigurðsson aðstoðarskólameistari, Þór Stefánsson, Ólafur Eggertsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Eggert Ólafsson, Jón Gunnarsson, Guðjón Kristjánsson, Bogi Hallgrímsson og Jón Sæmundsson fjármálastjóri og fundarritari.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, var síðan gengið til dagskrár:

1. Fjárhagsáætlun 1989.

Skólameistari fór yfir fjárhagsáætlunina og skýrði einstakaliði ásamt formanni. Stuttar fyrirspurnir komu fram sem Hjálmar og Guðmundur svöruðu. Jón Gunnarsson lýsti ánægju með uppsetningu og frágang fjárhagsáætlunarinnar. Síðan var hún samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál.

a) Guðmundur Björnsson ræddi framhaldsskólalögin. Hann kvað líkur á því að frestað yrði fyrirhugaðri yfirtöku ríkisins á rekstri skólans og myndi því skólanefndin sötja óbreytt á næsta ári.

b) Skólameistari vitnaði í nýútkomið fjárlagafrumvarp og taldi hann launaliði þar vanáætlaða. Samþykkt að veita skólameistara umboð til að skrifa fjárveitinganefnd Alþings til að biðja um 2,5 milljón króna hækkun.


c) Ráðning kennara á sjúkraliðabraut. Samþykkt að mæla með Ásu Einarsdóttur.


d) Skólameistari gat þess að í dag hefðu komið tveir menn frá byggingadeild menntamálaráðuneytisins og var erindi þeirra fólgið í því að líta á viðhald og framkvæmdir frá síðasta ári.

e) Námsflokkar FS. Vegna minnkandi þáttöku nú um sinn var samþykkt að skrifa SSS bréf og óska eftir kr. 50.000,- styrk til að standa undir auglýsingakostnaði og fl.

f) Skólameistari gat þess að skólaslit yrðu í Ytri-Njarðvíkurkirkju sunnudaginn 18. desember kl. 14.00. Einnig skýrði hann frá því að þann 27. október s.l. hefði Geir Sverrisson, sem er nemandi í FS., komið heim úr frækilegri för frá Heimsleikum fatlaðra í Seoul í Suður-Kóreu, en þar vann hann til silfurverðlauna í 100m bringusundi. Skólinn færði Geir blómvönd, sem viðurkenningarvott fyrir frábæra frammistöðu, jafnframt því sem hann var boðinn velkominn heim.

Fleira ekki gert, fundi slitið.


Jón Sæmundsson fundarritari


Guðmundur Björnsson formaður



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

Suðurnesjum 2. nóvember 1988.

F U N D A R B O Ð

Hér með er boðað til fundar í skólanefnd
Fjölbrautaskóla Suðurnesja fimmtudaginn
10. nóvember 1988 og hefst fundurinn kl. 17:00
í stofu 212 bóknámshúsi.

DAGSKRÁ:

1. Fjárhagsáætlun 1989.
2. Önnur mál.

Guðmundur Björnsson
formaður skólanefndar.

E.s. Stjórn skólanefndar, Guðmundur, Bogi og
Ólafur, er boðuð til fundar miðvikudaginn
9. nóvember kl. 16:00

Guðmundur Björnsson
formaður skólanefndar.